STJÓRNARTÍÐINDI A 7 — 1983

Nr. 47 76 8. apríl 1983

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breytingu á orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Iðnaðarráðherra hefur tjáð mér, að vegna fyrirhugaðra stórfelldra hækkana á gjaldskrám orkufyrirtækja þann 1. maí 1983, og til að styrkja heildarstjórn á verðlagningu á raforku og heitu vatni til almenningsveitna, og þar sem ekki vannst tími til að afgreiða, á 105. löggjafarþingi, stjórnarfrumvarp þessa efnis, beri brýna nauðsyn til að setja bráðabirgðalög um breytingu á orkulögum nr. 58/1967, er varða eftirlit með verðákvæðum í gjaldskrám orkufyrirtækja.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Við XI. kafla orkulaga — almenn ákvæði — bætist ný grein, 81. gr., sem orðist þannig:

Breytingar á verðákvæðum í gjaldskrám orkufyrirtækja skulu háðar samþykki ráðherra orkumála.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 8. apríl 1983.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Hjörleifur Guttormsson.

Stjórnartíðindi A 7 nr. 47. Útgáfudagur 8. apríl 1983.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.